

Sp.

500. Beiðni um skýrslu

[267. mál]

frá landbúnaðarráðherra um undirbúning að svæðabúmarki og um fullvirðisrétt bænda.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Garðari Sigurðssyni, Geir Gunnarssyni,
Guðmundi J. Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan,
Ragnari Arnalds, Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni
og Svavari Gestssyni.

Með vísan til 30. greinar laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að landbúnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um undirbúning að stjórn búvöruframleiðslunnar á yfirstandandi verðlagsári (1985–86) og því næsta (1986–87) þar sem m.a. komi fram:

1. hvað valdi því að ákvarðanir um stjórn mjólkurframleiðslunnar eru jafnsíðbúnaðar og raun ber vitni,
2. hver sé heildarfullvirðisréttur mjólkur á hverju búmarkssvæði og til einstakra framleiðenda innan hvers búmarkssvæðis eins og hann hefur verið reiknaður út og kynntur afurðastöðvum og bændum á lögbýlum á grundvelli reglugerðar nr. 37/1986,
3. framleiðslubúmark nautgripaafurða (mjólkur og kjöts) og sauðfjárafurða á árinu 1985 á búmarkssvæðum og hjá einstökum framleiðendum,
4. hversu mörg býli hafi búmark reiknað í ærgildisafurðum á bilinu 1–100, 101–200, 201–300 o.s.frv.:
 - a. á landinu öllu,
 - b. innan búmarkssvæða,
5. framleiðslumagn mjólkur á hverju búmarkssvæði og hjá einstökum framleiðendum á undanförunum 5 verðlagsárum,
6. áætluð tekjuskerðing einstakra mjólkurframleiðenda miðað við mismun á meðalframleiðslu undanfarinna þriggja verðlagsára og þeim fullvirðisrétti sem þeim hefur verið úthlutað á grundvelli reglugerðar nr. 37/1986, reiknað á verðlagi í janúar 1986,
7. hvað líði undirbúningi að stjórn á framleiðslu sauðfjárafurða, bæði á búmarkssvæðum og hjá einstökum framleiðendum,
8. hvort tillit sé tekið til og þá í hve miklum mæli:
 - a. landkosta á einstökum svæðum og jörðum,
 - b. markaðsaðstæðna í einstökum byggðum og landshlutum við undirbúning að úthlutun á fullvirðisrétti,
9. hvort ríkisstjórnin hafi beitt sér fyrir áætlun um uppbyggingu nýrra búgreina á einstökum svæðum og lögbýlum með tilliti til þeirra breytinga sem nú ganga yfir í hefðbundnum búgreinum og þá með hvaða hætti.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 11. febrúar 1986.

Hjörleifur Guttormsson.
Guðmundur J. Guðmundsson.
Ragnar Arnalds.

Garðar Sigurðsson.
Guðrún Helgadóttir.
Skúla Alexandersson.
Svavar Gestsson.

Geir Gunnarsson.
Helgi Seljan.
Steingrímur J. Sigfússon.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.